



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 32/2017

Auglýsingar Stóru bílasölnunnar ehf. og Úranusar ehf. á Toyota bifreiðum

I.

Erindið

Neytendastofu barst erindi Toyota á Íslandi ehf., dags. 6. september 2016, þar sem fyrirtækið kvartaði yfir meintum brotum Stóru bílasölnunnar gegn lögum nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu sem og ákvörðun Neytendastofu nr. 43/2014.

Í erindinu segir að í Fréttablaðinu sem kom út þann 24. ágúst 2016 hafi birst heilsíðu auglýsing frá Stóru bílasölnunni þar sem auglýstir voru nýjrir bílar á lægra verði. Voru þar auglýstir tveir bílar og var annar þeirra Toyota Yaris Hybrid Edition S. Í auglýsingunni segi m.a.: „5 ára ábyrgð“, án frekari skýringa.

Með ákvörðun Neytendastofu nr. 43/2014 hafi verið komist að þeirri niðurstöðu að Úranus ehf. hafi brotið gegn hinum ýmsu ákvæðum laga nr. 57/2005. Hafi Úranusi verið bannað að auglýsa fimm ára ábyrgð án þess að tilgreina nánari skilyrði ábyrgðarinnar, þegar ábyrgðartími kaupanda sé ekki fimm ár frá kaupdegi og að miða upphaf ábyrgðartíma við annað tímamark en afhendingu bifreiða. Í ákvörðun Neytendastofu segi jafnframt að verði ekki farið að banninu megi búast við því að tekin verði ákvörðun um sektir.

Í ljósi þess að framangreind ákvörðun Neytendastofu nr. 43/2014 hafi snúið að Úranusi en erindi þetta snúi að Stóru bílasölnunni sé rétt að taka eftirfarandi fram. Í erindi Toyota á Íslandi til Neytendastofu sem leiddi til framangreindrar ákvörðunar hafi verið kvartað yfir viðskiptaháttum Stóru bílasölnunnar ehf., en ekki Úranusar. Undir rekstri málsins hjá Neytendastofu hafi forsvarsmáður Stóru bílasölnunnar komið þeim upplýsingum á framfæri við Neytendastofu að rekstur Stóru bílasölnunnar væri í höndum SS bíla ehf. Neytendastofu bárust svo upplýsingar frá fyrirsvarsmanni SS bíla þess efnis að markaðssetning og kynning á bílum fyrir Stóru bílasölnuna væri í höndum Úranusar. Hafi því erindum vegna Stóru bílasölnunnar upp frá því verið beint til Úranusar þrátt fyrir að erindið hafi varðað viðskiptahætti Stóru bílasölnunnar, eins og eigi við í þessu erindi.

Með ákvörðun nr. 8/2016 hafi Neytendastofa komist að þeirri niðurstöðu að Úranus hafi m.a. brotið gegn ákvörðun Neytendastofu nr. 43/2014, sbr. og gegn nánar tilgreindum ákvæðum



laga nr. 57/2005 með birtingu auglýsinga um fimm ára ábyrgð á bifreiðum frá félaginu. Hafi Úranusi því verið gert að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð 300.000 kr. vegna brotsins.

Undir rekstri framangreinds máls, sbr. ákvörðun nr. 8/2016, hafi Úranus komið því á framfæri við Neytendastofu að auglýsingum félagsins, þar sem auglýst hafi verið 5 ára ábyrgð án frekari skýringa, yrði breytt í samræmi við ákvörðun Neytendastofu nr. 43/2014 og skyldi framvegis hljóma þannig: „*fimm ára ábyrgð frá fyrsta skráningardegi.*“ Í niðurstöðu Neytendastofu segi að ábyrgðartími í auglýsingum Úranusar sé tiltekinn fimm ár. Líkt og hafi komið fram í bréfi Úranusar sé ábyrgðartími hins vegar þrjú ár frá upphaflegum skráningardegi bifreiðarinnar auk sammingsbundinnar ábyrgðar Úranusar þegar henni sleppir. Þrátt fyrir að orðalagi auglýsinga Úranusar, er varði ábyrgð á bifreiðum frá félaginu, hafi verið lítillaga breytt frá því ákvörðun Neytendastofu nr. 43/2014 hafi verið birt, hafi það verið niðurstaða Neytendastofu að enn væri um villandi auglýsingu að ræða.

Toyota á Íslandi hafi þann 1. janúar 2010 hafið að bjóða 5 ára ábyrgð á öllum nýjum bifreiðum sem félagið selji. Fyrir þessa auknu ábyrgð greiði Toyota á Íslandi sjálft þóknun til framleiðanda og sé þessi aukna ábyrgð einn liður í því að tryggja hag viðskiptavina félagsins sem og að hámarka endursöluvirði bifreiða félagsins.

Allar upplýsingar hafi skort í auglýsingu Stóru bílasöluinnar um það hvers konar ábyrgð bílasalan sé að bjóða upp á. Í ljósi fyrri samskipta og ákvarðana Neytendastofu megi ætla að ekki sé um að ræða sambærilega ábyrgð og þá sem Toyota á Íslandi bjóði upp á heldur þriggja ára ábyrgð frá upphaflegum skráningardegi bifreiðarinnar auk sammingsbundinnar ábyrgðar þegar þeirri ábyrgð sleppir. Þá hafi auk þess komið fram undir rekstri fyrrnefndra tveggja mála hjá Neytendastofu að Stóra bílasalan hafi ekki verið að selja nýja bíla, heldur hafi bifreiðar verið fluttar notaðar til landsins (innflutningsástand: notað), skráðar fyrstu skráningu og svo nýskráðar. Í ljósi þess hafi Úranus lýst því yfir, eins og fram hafi komið, að öllum auglýsingum þar sem auglýst sé fimm ára ábyrgð án frekari skýringa yrði breytt í samræmi við ákvörðun Neytendastofu nr. 43/2014 og tekið fram að um sé að ræða ábyrgð frá fyrsta skráningardegi að telja.

Í ljósi alls framangreinds sé auglýsing Stóru bílasöluinnar sem hafi birst í Fréttablaðinu þann 24. ágúst 2016, að öllu óbreyttu, bæði röng, villandi og blekkjandi. Þá brjótí hún gegn banni því sem Neytendastofa hafi sett með áðurgreindri ákvörðun sinni nr. 43/2014 og ákvæðum 1. mgr. 8. gr., c. og g. liðar 1. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005.

Toyota á Íslandi geri kröfu til þess að Neytendastofa grípi til aðgerða samkvæmt IX. kafla laga nr. 57/2005 og að Stóra bílasalan ehf. verði þegar í stað sektuð.

II. Málsmeðferð



1.

Erindi Toyota á Íslandi var sent Stóru bílasölnunni til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 15. september 2016. Ekkert svar barst.

Erindið var ítrekað með bréfi Neytendastofu, dags. 2. mars 2017. Ekkert svar barst.

Erindið var sent til SS bíla ehf. þann 28. júní 2017 með vísan til þess að á vefsíðu Stóru bílasölnunnar, stora.is, kæmi fram að rekstraraðili væri SS bílar. Svar barst frá Úranus með bréfi, dags. 3. júlí 2017. Í bréfinu segir að Úranus sjái um markaðssmál Stóru bílasölnunnar, en kvörtun Toyota á Íslandi beinist að henni. Fyrst og fremst beri að benda á það að ákvörðun Neytendastofu nr. 8/2016 hafi snúist um önnur atriði en einungis orðalag í auglýsingu og sé ekki unnt að fullyrða að ákvörðun Neytendastofu hefði verið að beita sektum ef aðeins væri um að ræða eitt tilvik þar sem upplýsingar í auglýsingu hafi verið ófullnægjandi.

Engu að síður sé þakkað fyrir þarfa ábendingu Toyota á Íslandi um auglýsinguna frá 24. ágúst 2016. Því miður virðist sem mistök starfsmanns hafi ollið því að orðin „*frá fyrsta skráningardegi*“ hafi fallið út. Úranus hafi leiðrétt þetta og muni gæta vandlega að þessu atriði í þeim fjölmörgu Toyota-auglýsingum sem vænta megi í framtíðinni.

Þrátt fyrir þessi mistök geti Úranus ekki fallist á það að auglýsingin hafi verið villandi eða blekkjandi á nokkurn hátt, en um sé að ræða bíla sem séu, ef eitthvað, nýrri en margir þeirra bíla sem seldir séu af umboðum. Þá sé orðalag með öðrum hætti en það orðalag sem Toyota á Íslandi hafi áður kvartað yfir og ekki til þess fallið að valda ruglingi neytenda. Engu að síður muni Úranus sjá til þess að þetta endurtaki sig ekki.

Sérstaklega sé vakin athygli á því að Toyota hafi ekki borið því við að þetta hafi verið vísitandi stefna Úranus eða að slíkar auglýsingar hafi endurtekið sig frá þessu eina tilviki fyrir ári síðan. Um hafi verið að ræða einföld mistök, en ekki óréttmæta viðskiptahætti eða villandi upplýsingagjöf til neytenda.

Telji Úranus þannig að ekki sé þörf frekari aðgerða Neytendastofu, en málið hafi augljóslega leysts af sjálfu sér, þegar teknar hafi verið upp aðrar vinnuaðferðir við auglýsingar hjá Úranusi í framhaldi af ákvörðun Neytendastofu nr. 8/2016.

2.

Neytendastofa sendi bréf, dags. 7. júlí 2017, til SS bíla ásamt afriti til Úranusar þar sem ítrekuð var ósk um skýringar eða athugasemdir SS bíla við erindið þar sem ákvörðun í málinu gæti mögulega beinst að félaginu. Í bréfinu var tekið fram að auglýsingin sem málið varði tilgreini Stóru bílasölnuna sem seljanda. Í auglýsingunni komi fram að vefsíða félagsins sé stora.is. Á vefsíðunni segi að rekstraraðili sé SS bílar og ennfremur að rétthafi að léninu væri SS bílar samkvæmt skráningu ISNIC. Í bréfinu var óskað eftir því að skýringar og athugasemdir við



erindið myndu berast Neytendastofu innan tíu daga frá dagsetningu bréfsins og að þeim tíma liðnum mætti búast við því að tekin yrði ákvörðun í málinu á grundvelli fyrirbyggjandi gagna. Svar barst frá SS bílum með bréfi, móttakið 28. ágúst 2017. Í bréfinu segir að fyrirkomulag auglýsinga af þessu tagi sé að Stóra bílasalan, sem sé smásalinn í þessu tilfelli, auglýsi í eigin nafni að beiðni Úranusar umræddar Toyota bifreiðar. Reynt hafi verið að fremsta megni að fara eftir lögum og reglum í þessum auglýsingum og séu þessar auglýsingar yfirfarnar af báðum aðilum áður en þær séu birtar. Líkt og Úranus hafi bent á í umsögn sinni þá geti Stóra bílasalan ekki fallist á að umrædd auglýsing sé villandi á nokkurn hátt þar sem umræddir bílar séu nýrri en margir bílar sem seldir séu af umboðunum og gæti félagið bent á fjölmörg dæmi úr bifreiðaskrá máli sínu til stuðnings ef þess sé óskað.

Ábending Toyota sé hins vegar réttmæt að því leyti að í þessu tilfelli hafi dottið út smáa letrið sem tiltekur frá hvaða tíma umrædd fimm ára ábyrgð gildi. Þessar upplýsingar, ásamt öðrum, séu hins vegar kynntar kaupanda við gerð afsals bifreiðanna.

Stóra Bílasalan muni í samvinnu við Úranus eða aðra heildsala bifreiða gera sitt besta til að slík mistök endurtaki sig ekki eða ganga úr skugga um að viðkomandi auglýsingar séu orðaðar þannig að þær kunni ekki að valda misskilningi.

Stóra Bílasalan telji því ekki tilefni til frekari aðgerða Neytendastofu vegna málsins en lofar betrun í vinnubrögðum.

III.

Niðurstaða

1.

Í máli þessu er um að ræða kvörtun Toyota á Íslandi hf. yfir markaðssetningu Stóru bílasölnnar á Toyota bifreiðum. Kvörtunin snýr að því að Toyota á Íslandi telji Stóru bílasölnuna brjóta gegn ákvörðun Neytendastofu nr. 43/2014 með því að veita ófullnægjandi upplýsingar um ábyrgðartíma bifreiða sem félagið selji.

Í svari frá Úranus ehf. kemur fram að ákvörðun Neytendastofu nr. 8/2016 snérist um önnur atriði en einungis orðalag í auglýsingu og sé ekki unnt að fullyrða að ákvörðun Neytendastofu hefði verið að beita sektum ef aðeins væri um að ræða eitt tilvik þar sem upplýsingar í auglýsingu séu ófullnægjandi. Í bréfinu segir að það virðist hafa verið mistök starfsmanns sem hafi ollið því að orðin „frá fyrsta skráningardegi“ hafi fallið út. Þrátt fyrir þessi mistök geti Úranus ekki fallist á það að auglýsingin hafi verið villandi eða blekkjandi á nokkurn hátt, en um sé að ræða bíla sem séu ef eitthvað er nýrri en margir þeirra bíla sem seldir séu af umboðum. Þá sé orðalag með öðrum hætti en það orðalag sem Toyota á Íslandi kvartaði áður yfir og ekki til þess að valda ruglingi neytenda.

Í svari SS bíla var vísað til sömu sjónarmiða og fram komu í svari Úranusar.



2.

Í lögum nr. 57/2005 er fjallað um það hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Í 5. gr. er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fara fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Ákvæði 1. mgr. 8. gr. laganna sem er í III. kafla þeirra er svohljóðandi:

„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“

Ákvæðinu er, skv. umfjöllun í greinargerð, ætlað að taka til viðskiptahátta sem hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða skv. ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ella ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun.

Í 9. gr., sem einnig er í III. kafla, er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í a.–g. lið málsgreinarinnar eru tilgreindar þær röngu upplýsingar sem átt er við. Þar segir að átt sé við rangar upplýsingar um:

*„a. eðli vöru eða þjónustu og hvort varan sé til eða þjónustan fyrir hendi,
b. helstu einkenni vöru eða þjónustu, t.d. notkun, samsetningu eða árangur sem vænta má af notkun hennar,
c. þjónustu við viðskiptavini, meðferð kvartana, dagsetningu framleiðslu eða aðferð við framleiðslu,
d. verð vöru eða þjónustu eða aðferð við útreikning á verði og hvort um sértíloboð eða annað verðhagræði sé að ræða og hvort það sé háð skilyrðum,
e. þörf fyrir þjónustu, varahluti, skipti á hlutum og viðgerðir,
f. réttindi, hæfni eða annað sem varðar aðstæður söluaðila eða fulltrúa hans, stöðu hans á markaði, skyldur, vörumerki og önnur hugverkaréttindi,
g. lögbundin réttindi neytenda.“*

Þá segir í 2. mgr. 9. gr. laganna:

„Viðskiptahættir eru villandi ef ekki er greint frá upplýsingum sem telja má að almennt skipti máli fyrir neytendur eða þeim er leynt og þær eru til þess fallnar að hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti.“



Skv. ákvæðinu teljast viðskiptahættir villandi ef fyrirtæki leynir upplýsingum sem skipta máli við ákvörðun um að eiga viðskipti eða þær eru veittar á óljósan eða margræðan hátt. Í greinargerð með ákvæðinu kemur fram að hafa megi þau atriði til hliðsjónar sem tilgreind eru í 1. mgr.

Í 16. gr. a. segir:

„Yfirlýsingu um ábyrgð má því aðeins gefa að ábyrgðaryfirlýsingin veiti viðtakanda meiri rétt en hann hefur samkvæmt gildandi lögum.

Ábyrgðaryfirlýsing er lagalega bindandi fyrir ábyrgðaraðila á grundvelli þeirra skilyrða sem fram koma í ábyrgðarskilmálum og auglýsingum hans.“

Með ákvörðun Neytendastofu nr. 43/2014 komst stofnunin að þeirri niðurstöðu að Úranus hefði brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr., g. liðar 1. mgr. 9. gr., 2. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 16. gr. a, sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, með því að auglýsa fimm ára ábyrgð til neytenda án frekari tilgreiningar og í framkvæmd að telja að ábyrgðartími sé byrjaður að líða frá þeim tímapunkti sem innflutningur bifreiðar á sér stað en ekki við afhendingu. Úranus var jafnframt bannað að viðhafa ofangreinda viðskiptahætti að viðlögðum sektum.

Með ákvörðun Neytendastofu nr. 8/2016 var Úranus ehf. gert að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð 300.000 kr. fyrir það að brjóta gegn ákvörðun Neytendastofu nr. 43/2014, m.a. með birtingu auglýsinga um fimm ára ábyrgð á bifreiðum frá félaginu.

3.

Samkvæmt fyrrnefndri ákvörðun Neytendastofu nr. 43/2014 var Úranus talið hafa brotið gegn ákvæðum laga nr. 57/2005 með því að auglýsa fimm ára ábyrgð til neytenda án frekari tilgreiningar og í framkvæmd að telja að ábyrgðartími sé byrjaður að líða frá þeim tímapunkti sem innflutningur bifreiðar á sér stað en ekki við afhendingu. Úranus hefur með því að auglýsa fimm ára ábyrgð án frekari tilgreiningar og í framkvæmd að telja að ábyrgðartími sé byrjaður að líða frá þeim tímapunkti sem innflutningur bifreiðar á sér stað en ekki við afhendingu brotið gegn ákvörðun Neytendastofu nr. 43/2014 í annað sinn.

Í svarbréfi Úranusar, dags. 3. júlí 2017, kemur fram að mistök starfsmanns hafi ollið því að orðin „frá fyrsta skráningardegi“ féllu úr auglýsingunni. Neytendastofa vill vekja athygli á því að auglýsingin sem mál þetta varðar væri allt að einu í andstöðu við ákvörðun Neytendastofu nr. 43/2014, jafnvel þótt tilgreint væri að ábyrgðin gildi frá fyrsta skráningardegi. Í ákvörðun Neytendastofu nr. 43/2014 er m.a. fjallað um kvörtunarfrest neytenda samkvæmt lögum nr. 48/2003, um neytendakaup. Í ákvörðuninni segir að seljandi geti ekki miðað tilkynningarfrest við skráningardag enda miðast lögbundinn tilkynningarfrestur við það tímamark þegar neytandi veitir söluhlut viðtöku. Auglýsingin sem mál þetta varðar bryti því gegn g. lið 1. mgr.



9. gr. laga nr. 57/2005, jafnvel þótt tilgreint væri að ábyrgð sé reiknuð út frá fyrsta skráningardegi bifreiðarinnar.

Samkvæmt 22. gr. laga nr. 57/2005 getur Neytendastofa lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn:

„a. ákvæðum laga þessara, og reglum settum samkvæmt þeim um bann við óréttmætum viðskiptaháttum, sbr. II.-V. kafla,

b. stjórnvaldsreglum og ákvörðunum Neytendastofu gegn viðskiptaháttum sem brjóta í bága við ákvæði II.-VIII. kafla og fyrirmælum Neytendastofu, sbr. 21. gr. b.“

Með vísan til ofangreinds og atvika málsins í heild telur Neytendastofa nauðsynlegt að nýta heimild til álagningar stjórnvaldssektar fyrir brot Úranusar gegn ákvörðun Neytendastofu nr. 43/2014. Við ákvörðun um fjárhæð sektarinnar skal tekið tillit til þess að félagið hefur áður brotið gegn sömu ákvörðun, sbr. ákvörðun Neytendastofu nr. 8/2016. Að teknu tilliti til þessa sem og með hliðsjón af meðalhófsreglu og jafnræðisreglu stjórnsýslulaga auk stjórnvaldssekta í sambærilegum málum telur Neytendastofa hæfilegt að leggja á Úranus stjórnvaldssekt að fjárhæð 1.000.000 kr. (ein milljón krónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.

4.

Í bréfi frá Neytendastofu, dags. 7. júlí 2017, kom fram að auglýsingin sem kvartað væri yfir í málinu tilgreini Stóru bílasöluna sem seljanda. Í auglýsingunni komi fram að vefsíða félagsins sé stora.is. Á vefsíðunni segi að rekstraraðili sé SS bílar ehf. Ennfremur sé réttthafi að léninu SS bílar ehf. samkvæmt skráningu ISNIC. Í lok bréfsins kom fram að ákvörðun í málinu gæti mögulega beinst að félaginu. Undir rekstri málsins kom í ljós að nafni félagsins SS bílar ehf. hefur verið breytt í Stóra bílasalan ehf.

Ákvarðanir Neytendastofu nr. 43/2014 og nr. 8/2016 beindust eingöngu gegn Úranusi en Neytendastofa telur nauðsynlegt m.a. með hliðsjón af ítrekun brota að beita úrræðum gagnvart Stóru bílasölnunni. Neytendastofa telur að Stóra bílasalan hafi brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr., g. liðar 1. mgr. 9. gr., 2. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 16. gr. a, sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, með því að auglýsa fimm ára ábyrgð til neytenda án frekari tilgreiningar og í framkvæmd að telja að ábyrgðartími sé byrjaður að líða frá þeim tímapunkti sem innflutningur bifreiðar á sér stað en ekki við afhendingu.

Með vísan til ofangreinds og atvika málsins í heild telur Neytendastofa nauðsynlegt að nýta heimild til álagningar stjórnvaldssektar fyrir brot Stóru bílasölnunnar, áður SS bílar ehf., gegn fyrrgreindum ákvæðum laga nr. 57/2005. Við ákvörðun um fjárhæð sektarinnar skal tekið sérstakt tillit til þess að við meðferð málsins sem varð að ákvörðun Neytendastofu nr. 43/2014 var erindi Toyota á Íslandi sent til Stóru bílasölnunnar og fékk stofnunin þær upplýsingar frá fyrirsvarsmanni félagsins að rekstur þess væri í höndum SS bíla ehf. Var erindinu í kjölfarið beint til SS bíla. Við meðferð þessa máls hafa erindi einnig verið send til SS bíla. Eftir ákvörðun



Neytendastofu nr. 43/2014 getur Stóru bílasölunni ekki hafa dulist að umræddir viðskiptahættir væru ólögmætir en þeir hafa engu að síður haldið þeim áfram. Að teknu tilliti til þessa sem og með hliðsjón af meðalhófsreglu og jafnræðisreglu stjórnslulaga auk stjórnvaldssekta í sambærilegum málum telur Neytendastofa hæfilegt að leggja á Stóru bílasöluna ehf. stjórnvaldssekt að fjárhæð 300.000 kr. (þrjú hundruð þúsund krónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.

IV.

Ákvörðunarorð:

„ Úranus ehf., Hegranesi 21, 210 Garðabæ, hefur brotið gegn ákvörðun Neytendastofu nr. 43/2014, sbr. og gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr., g. liðar 1. mgr. 9. gr., 2. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 16. gr. a., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, með birtingu auglýsinga um fimm ára ábyrgð á bifreiðum frá félaginu.

Með heimild í a. og b. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Úranusi ehf. gert að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð 1.000.000 kr. (ein milljón krónur) vegna brotsins. Sektina skal greiða í ríkissjóð innan þriggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunarinnar.

Stóra bílasalan ehf., Kletthálsi 2, 110 Reykjavík, hefur brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr., g. liðar 1. mgr. 9. gr., 2. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 16. gr. a, sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, með því að auglýsa fimm ára ábyrgð til neytenda án frekari tilgreiningar og í framkvæmd að telja að ábyrgðartími sé byrjaður að líða frá þeim tímapunkti sem innflutningur bifreiðar á sér stað en ekki við afhendingu.

Með heimild í a. og b. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Stóru bílasölunni ehf. gert að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð 300.000 kr. (þrjú hundruð þúsund krónur) vegna brotsins. Sektina skal greiða í ríkissjóð innan þriggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunarinnar.“

Neytendastofa, 29. september 2017

Tryggvi Axelsson
Forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir